

Greinargerð vegna ytra mats í Leikskólanum Grænagarði. Febrúar 2020.

- **Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, ummönnum og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.**
- **Ráða þarf deildarstjóra fyrir leikskólann en jafnframt skoða hvort réttara væri að reka leikskólann sem eina deild með einum deildarstjóra.**
- **Nauðsynlegt er að fjölga íslenskumælandi starfsmönnum í leikskólanum. Miðað við núverandi samsetningu starfsmannahópsins er erfitt að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.**

Hlutfall leikskólakennara er enn of lágt. Í febrúar eru tveir starfsmanna við skólann með leyfisbréf leikskólakennara. Annar þeirra talar ekki íslensku og sinnir því ekki starfi inni á deild nema afleysingum í kaffitímum og hjálpar til þegar börnin eru að fara út. Einn leikskólakennari er í fæðingarorlofi og kemur væntanlega inn í október 2020. Ráðinn hefur verið deildarstjóri við leikskólann frá 9. desember. Deildarstjórinn er þroskaþjálfari. Þar áður var ráðinn deildarstjóri til bráðabirgða, frá 1. apríl 2019, sem sóttist ekki eftir að sinna því starfi áfram. Vegna þess hversu hátt hlutfall erlendra starfsmanna er við skólann fékkst leyfi til að ráða inn einn umsækjanda til viðbótar við þann sem ráðinn var í stöðu deildarstjóra og hóf hann störf um áramótin. Heildarfjöldi starfsmanna eru því 6 og þar af tveir með íslensku að móðurmáli. Þrír starfsmenn eru án uppeldismenntunar. Vegna þessa hefur dagskipulagið verið endurskoðað og passað upp á að allir starfsmenn komi að kennslu allra hópa. Deildarstjóri tekur alla nemendur í einstaklingstíma í málörvun með Leikum og lærum með hljóðin.

- **Endurskoða þarf starfsáætlun fyrir 2018-2019. Leikskólinn þarf að setja sér ákveðna stefnu, markmið og einkunnarorð með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins og gera sýnilegt á heimasíðu leikskólans.**
- **Endurskoða leikskólahluta starfsáætlunar með starfsmönnum, foreldrum og börnum og starfsáætlun á að vera sýnilega á heimasíðu leikskólans og virk í starfi leikskólans.**

Stefnan er á að verða heilsueflandi leikskóli og fórum við í heimsókn á Heilsuleikskólann Laufás á síðasta starfsdegi sem var í janúar. Skólastjóri og deildarstjóri eru einnig á leið í heimsókn á leikskólann Sólborg sem vinnur samkvæmt stefnu landlæknis um heilsueflandi skóla og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um val á stefnu. Með nýju dagskipulagi hefur áhersla á hreyfingu og sköpun verið aukin með fyrirmynd frá heilsustefnunni.

- **Vinna þarf nýja skólanámskrá í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn, foreldrar og börn þurfa að taka þátt í þessari vinnu og skólanámskrá skal síðan vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.**

Er í vinnslu. Drög hafa verið kynnt starfsmönnum. Á eftri að klára þegar skýrist hvaða stefna verður valin.

Dagskipulag hefur verið endurskoðað. M.a. sett inn meiri hreyfing og útivera og málörvun. Nemendur skiptast í fimm hópa og eru hópatímar á morgnana tengdir málörvun. Eftir hádegi er hópatími í u.þ.b. klukkutíma þar sem hver kennari hefur sitt sérsvið, málörvun, hreyfing, fínhreyfingar og eldhússtörf, sköpun og útinám. Hóparnir hafa lita nöfn og hver kennari hefur hvern hóp ákveðinn vikudag. Álmur hússins hafa fengið ný nöfn, Oddi og Eyri í stað þess að vera kölluð litla og stóra deild áður.

- **Skoða mætti hvort hægt væri að fjölga fólki til afleysinga í leikskólanum og auka samvinnu starfsmanna í leikskóla og grunnskóla.**
- **Greina þarf óskir starfsmanna um fræðslu sem hentar þeim og leikskólastarfinu og leita leiða til að auðvelda þeim að sækja símenntun.**

Leyfi fékkst til að ráða auka starfsmann í leikskólann frá áramótum þar sem skortur var á starfsfólki með íslensku að móðurmáli. Þörfin verður endurskoðuð þegar ráðið verður inn eftir sumarfrí. Einnig er sameiginlegur afleysingastarfsmaður í leik og grunnskóla. Þetta gerir starfsmönnum auðveldara fyrir að komast á námskeið.

- **Gera þarf leiðbeinandi starfsmannahandbók í samræmi við starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar og gera hana aðgengilega fyrir starfsmenn.**

Langt komið, drög hafa verið kynnt en á eftir að klára.

- **Tryggja þarf að starfsþróunarsamtöl séu tekin árlega og unnið markvisst með niðurstöðum þeirra.**

Voru tekin síðasta vor og eru í undirbúningi nú í febrúar.

- **Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsmönnum leiðsögn og endurgjöf.**

Er að komast í gang. Leikskólastjóri fer inn í hópatíma og fylgist með og gefur leiðsögn og endurgjöf. Leikskólastjóri og deildarstjóri funda í hverri viku.

- **Auka þarf og skipuleggja betur stuðning og ráðgjöf við leikskólastjóra.**

Frá því ytra mat var gert hefur margt breyst. Leikskólastjóri var þá aðeins búinn að starfa í hálf ári við stjórn tveggja skóla, leik og grunnskóla. Deildarstjóri og leikskólastjóri vinna vel saman. Starfsmannafundir eru nú í hverjum mánuði og er starfið allt að komast á betra skrið. Aðgengi að fræðslustjóra og sérkennslustjóra er gott og mánaðarlegir fundir með þeim og öðrum skólastjórum Ísafjarðarbæjar gagnlegir.

Ýmsir punktar:

Upplýsingaflæði til fjölskyldu hefur verið aukið. Deildarstjóri sendir út fréttabréf alla föstudaga og síðasta föstudag í mánuði fylgir því dagatal fyrir komandi mánuð auk matseðils. Skólastjóri sér að mestu um að setja fréttir og upplýsingar á heimasíðu og koma áriðandi tilkynningum t.d. vegna veðurs til foreldra.

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega. Deildarstjóri og leikskólastjóri hittast vikulega og ræða starfið.

Annað sem ekki er talið hér upp er í vinnslu og vonandi allt á réttri leið.

11. febrúar 2020

Sunna Reynisdóttir